Sþ. **767. Nefndarálit**

um till. til þál. um kaup á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur nú athugað tillögu þessa, og voru allir viðstaddir nefndarmenn, — ÞG var ekki mættur —, sammála um, að samþykkja bæri hlutafjárkaup þessi aðeins sem heimild handa ríkisstjórninni og að heimild sú væri tímabundin, eitt ár. Fimm nefndarmanna, GÍG, JJós, LJós, PO og ÞÞ, leggja til, að tillögugreinin verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa á þessu ári við nafnverði fyrir hönd ríkissjóðs þau hlutabréf Útvegsbanka Íslands h/f, sem eru ekki þegar eign ríkisins.

Þrír nefndarmanna, HelgJ, JJ og SK, hafa óbundið atkvæði um breytingartillöguna.

Alþingi, 6. jan. 1945.

Pétur Ottesen, form. — Helgi Jónasson, fundaskr. — Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Guðm. Í. Guðmundsson. — Jónas Jónsson. — Sigurður Kristjánsson.

Jóhann Þ. Jósefsson. — Lúðvík Jósefsson.